

Skipulags- og byggingafultrúi Uppsveita bs.
Vigfús Hróbjartsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 8. desember 2020
UST202011-226/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Vatnsholt - Flóahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 19. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsholt í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan tekur til byggingar íbúðarhúsa, útihúss, skemmu og gestahúsa á tveimur lóðum sem eru samtals um 12,6 ha að stærð. Auk þess kemur fram að skilgreindir eru tveir byggingarreitir á skipulagssvæðinu, þar sem á byggingarreit B1 er heimilt að byggja allt að 250 m² íbúðarhús, 200 m² útihús og þrjú gestahús sem hvert um sig getur verið allt að 40 m² að stærð og á byggingarreit B2 er heimilt að byggja allt að 250 m² íbúðarhús og 350 m² skemmu.

Villingaholtsvatn

Í greinargerð kemur fram að svæðið liggur niður að Villingaholtsvatni og skipulagssvæðið flokkast ekki sem svæði sem fellur undir sérstaka vernd náttúruyfyrirbæra samkvæmt flokki NÍ.


Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að Villingaholtsvatn fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um sérstaka vernd vistkerfa.

Umhverfisstofnun telur að tillagan eins og hún er lögð fram muni hafa óveruleg umhverfisáhrif á vatnið.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur